



LEIKNIR

UMF STAFHOLTST.



ÍS



BREIÐABLIK

PÓR Þ

KEFLAVÍK

UBK

ÁRSSKÝRSLA

REYNIR



KFÍ

UMFN

STJARNAN

PÓR AK



SNÆFELL

SNÆFELL


HÖTTUR

TINDASTÓLL



1995 - 1996

KÖRFUKNATTLEIKSIÐKENDUR 1979-1994



STJÓRN KKÍ

Á 35. ársþingi KKÍ voru eftirtaldin kosin í stjórn sambandsins fyrir starfsárið 1995-1996.

Stjórnarmenn til tveggja ára: Erla Sveinsdóttir
Ólafur Rafnsson
Haukur Hauksson

Í varastjórn til eins árs: Helgi Bragason
Magnús Svavarsson
Ólafur Johnson

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu:
Einar Bollason
Kolbeinn Pálsson
Kristinn Már Stefánsson
Sólrun Anna Rafnsdóttir

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður	Kolbeinn Pálsson
Varaformaður	Ólafur Rafnsson
Ritari	Erla Sveinsdóttir
Gjaldkeri	Kristinn Már Stefánsson
Meðstjórnandi	Einar Bollason
Meðstjórnandi	Haukur Hauksson
Meðstjórnandi	Sólrun Anna Rafnsdóttir

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

Mótanefnd: Gísli Georgsson
Ríkharður Hrafnkelsson
Ægir Ágústsson

Dómaranefnd Leifur Garðarsson
Helgi Bragason
Kristinn Óskarsson

Kvennlandsliðsnefnd Kolbrún Jónsdóttir
Elinborg Guðnadóttir
Erla Sveinsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir

Karlalandsliðsnefnd Gísli Friðjónsson
Hjörtur Hansson
Pétur Hrafn Sigurðsson

Unglingalandsliðsnefnd:

Björn Björgvinsson
Hörður Gauti Gunnarsson
Björn Leósson
Stefán Arnarson

Dómsstóll KKÍ

Gisli Gíslason
Helgi Ingólfur Jónsson
Hilmar Hafsteinsson
Ágúst Jóhannesson
Árni Guðmundsson
Ingi Gunnarsson

Til vara

Aganefnd KKÍ

Jón Eysteinnsson
Ágúst Jóhannesson
Hrafn G. Johnsen
Haukur Hannesson
Ingimar Ingason
Ólafur Hauksson

Til vara

Endurskoðendur

Ágúst Jóhannesson
Guðrún Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri
Starfsmaður

Pétur Hrafn Sigurðsson
Björn Leósson

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að síðasta ársþingi KKÍ lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 9 bókaða fundi auk fjölmargra annarra óformlegra funda.

TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI ÁRSINS.

Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ og Íþróttablaðinu tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ íþróttamann ársins í sinni grein. Að þessu sinni var Teitur Örlygsson úr Njarðvík valinn.

HRINGFERÐ UM LANDIÐ

Aftur var staðið fyrir hringferð um landið til kynningar og útbreiðslu á körfuknattleik. Ekki var ráðinn sérstakur starfsmaður til að sinna þessu verkefni, heldur var því stýrt af starfsmönnum skrifstofunnar. Hringferðin var enda mun smærri í sniðum en sumarið þar á undan, en tókst vel þar sem hún fór fram.

NBA-KARFAN

Tímariði NBA-Karfan er enn gefið út og sér skrifstofa KKÍ alfarið um útgáfu blaðsins. Blaðið gengur ágætlega og hefur haldist vel á áskrifendum sínum. Nokkuð hefur dregið úr umfjöllun um íslenska körfuboltann, en á því verður breyting næsta haust þegar lögð verður meiri áhersla á þann þátt. Tímariði getur verið griðarlegt áróðurstæki fyrir íslenskan körfuknattleik ef rétt er á spilum haldið. Því eru félög hvött til að senda inn efni og myndir frá því sem er að gerast hjá þeim í t.d. unglingastarfinu, mótum, æfingabúðum og hvaðeina sem kemur uppá í starfinu.

FORMANNAFUNDIR

Tveir formannafundir voru haldnir á keppnistímabilinu. Sá fyrri var um haustið og var þar rætt um keppnistímabilið framundan. Sá síðari var haldin í vor, til undirbúnings ársþingi KKÍ.

SAMNINGUR VIÐ STÖÐ 2

KKÍ endurnýjaði samning sinn við Stöð 2 varðandi útsendingar frá leikjum í körfubolta á síðasta keppnistímabili. Samstarfið við Stöðina gekk vel. Aldrei hefur körfuboltinn fengið fleiri mínútur í sjónvarpi og í útvarpinu var öllum umferðum á fimmtudögum lýst og mörgum umferðum á sunnudögum einnig.

SAMNINGUR VIÐ DHL

Samningur KKÍ og DHL var endurnýjaður og er DHL-hraðflutingar einn aðalstuðningsaðili KKÍ. Samstarfið við DHL hefur gengið mjög vel og hvergi borið skugga á og verið báðum aðilum til hagsbóta. Vonandi verður framhald þar á. Félögin í DHL deildinni eiga þakkir skildar fyrir að að sjá til þess að skilti DHL komu vel fram í íþróttahúsum og að samningurinn var uppfylltur eins og best verður á kosið.

SAMNINGUR VIÐ AUSTURBAKKA

KKÍ er með samning við Austurbakka eins og mörg undanfarin ár. Samningurinn var til þriggja ára. Sér Austurbakki öllum landsliðum KKÍ fyrir keppnis og æfingafatnaði, boltum og sjúkravörum.

SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR

Eins og undanfarin ár gerðu KKÍ og Flugleiðir með sér samstarfssamning þar sem Flugleiðir eru einn af stærstu stuðningsaðilum A-landsliðs karla og KKÍ.

SAMNINGUR VIÐ HAGVAGNA

KKÍ hefur haft samning við Hagvagna undanfarin ár. Samningur þessi er sambandinu mjög hagstæður og felur það í sér að KKÍ er heimilt að selja auglýsingar á strætisvagna Hagvagna sem aka í Hafnarfirði, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogi og Reykjavík. Er hér um verulega tekjulind að ræða fyrir KKÍ og kunnum við þeim Hagvagnamönnum bestu þakkir fyrir um leið og við vonumst til að áfrahald verði á mjög góðu samstarfi.

SAMNINGUR VIÐ NÝHERJA

KKÍ og Nýherji gerðu með sér samstarfssamning sem felur það í sér að Nýherji verður einn af stuðningsaðilum KKÍ. Nýherji mun m.a. sjá um endurnýjun tölvubúnaðar á skrifstofu KKÍ. Nýherji hefur ekki áður gert samning við KKÍ. Samstarfið hefur gengið mjög vel og vonum við að framhald verði á.

SAMNINGUR VIÐ VISA

KKÍ og Visa-Ísland gerður með sér samstarfssamning. KKÍ og Visa hafa áður unnið saman og er skemmt að minnst VISA-deildarinnar en þá var Visa einn af stærstu stuðningsaðilum KKÍ. Við bjóðum Visa velkomid aftur í hóp styrktaraðila KKÍ

SAMNINGUR VIÐ VÍFILFELL

Samningar tókust milli KKÍ og Vífilfells um að Sprite verði einn af aðalstuðningsaðilum KKÍ. Sprite hefur lagt mikla áherslu á að tengjast körfuknattleik um allan heim, enda er það íþróttin sem er á hvað mestri uppleið. Samstarfið við Sprite hefur verið mjög gott og verður vonandi framhald á því.

SAMNINGUR VIÐ G.BEN-EDDU PRENTSTOFU

KKÍ og G.Ben-Edda prentstofa gerðu með sér samning sem felur það í sér að G.Ben Edda sér um alla prentun fyrir KKÍ en gerist á móti einn af styrktaraðilum KKÍ. Þessi samningur er KKÍ hagstæður og verður vonandi framhald á honum.

KOLAPORTIÐ

KKÍ tók á leigu húsnæði Kolaportsins í vetur eins og gert var í fyrra. Þarna eru 20 körfuboltavellir sem leigðir eru út til almennings. Samvinna var höfð við ÍTR og var Sigurður Már Helgason, kunnur körfuboltakappi hér fyrr á árum, ráðinn til að hafa umsjón með húsinu og leigu vallanna. Gekk það starf vel hjá honum. Aðsókn var ekki eins góð og í fyrra og má þar um kenna sérstaklega mildum vetri sem gerði það að verkum að hægt var að spila götukörfubolta úti nánast í allan vetur. Þegar loks snjóaði tók aðsóknin kipp, en ekki nægilega mikið til að hafa miklar tekjur af útleigunni. Hagnaðurinn liggur í því að gefa unglíngum í Reykjavík kost á því að stunda körfubolta hvenær sem er yfir vetrartímann. Ekki liggur fyrir hvort um áframhald verður að ræða.

FUNDIR

Ólafur Rafnsson sótti þing Alþjóða körfuknattleikssambandsins í Frakklandi. Pétur Hrafn Sigurðsson og Ólafur Rafnsson sóttu fund Norðurlandanna í Noregi. Pétur Hrafn Sigurðsson sótti fund framkvæmdastjóra og formanna 14 Evrópuþjóða og Pétur Hrafn Sigurðsson fór á fund Norðurlandanna varðandi sameiginleg fræðslumál Norðurlandanna og Englands. Ólafur Rafnsson fór á fund í Svíþjóð um samstarf varðandi Nordic-Session á Norðurlöndum og til Englands vegna sama máls.

NORÐURLANDAMÓT U-22 Á SAUÐÁRKRÓKI

KKÍ hélt Norðurlandamót fyrir U-22 á Sauðárkróki í júní. Framkvæmd heimamanna tókst með miklum ágætum og er þeim færðar þakkir fyrir. Íslenska liðið stóð sig ekki nægilega vel og lenti í 5. sæti.

ÚTGÁFA Á POX-MYNDUM

KKÍ átti samstarf við Pox-menn um útgáfu Pox-mynda af körfuknattleiksmönnum. Það samstarf skilaði ágætri kynningu á körfuknattleiksmönnum.

ÞJÁLFAFARANÁMSKEIÐ Í KÖRFUKNATTLEIK

KKÍ stóð fyrir þjálfaranámskeiði í körfuknattleik s.l. sumar. Fyrirlesarara voru Ettore Messina landsliðsþjálfari Ítalíu, Bob og Garry Kloppenburg, en Bob var varnarþjálfari Seattle SuperSonics. Námskeiðið var mjög vel sótt og nýttist þeim þjálfurum sem það sóttu mjög vel. Enn fremur var haldið námskeið í þrekbjálfun fyrir þjálfara í samvinnu við HSÍ. Hrannar Hólm bar hitan og þungan af því og var mjög mikil ánægja með námskeiðið.

FRAMHALDSSKÓLAMÓT

KKÍ stóð fyrir framhaldsskólamóti um allt land í vetur í samvinnu við Sparisjóðina. Bar mótið nafnið Liðveislumót framhaldsskólanna. Þátttaka var mjög góð. Nokkuð erfiðlega gekk að spila alla leikina vegna margvíslegra atriða eins og fjarlægðar, prófa, annara leikja ofl. Stefnt er að því að hafa þetta mót árlega og verður reynt að vinna bug á erfiðleikum. Sparisjóðunum er sérstaklega þakkaður sá mikli stuðningur sem þeir veittu okkur.

LOKAHÓF KKÍ

Lokahófið var að þessu sinni haldið á Hótel Sögu og tókst það mjög vel. Sjaldan hafa fleiri mætt á hófið og var það mál manna að hófið hafi verið mjög glæsilegt og framkoma gesta til algjörar fyrirmyndar.

MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK

KKÍ stóð í fyrsta sinn fyrir keppni meistara meistaranna þar sem Íslands og Bikarmeistarar karla og kvenna léku. Ákveðið var að allur ágóði af leiknum renni til góðgerðarmálefnis. Nefnd var skipuð til að sjá um undirbúning leikjanna og velja málefnið. Nefndin var skipuð Hjálmari Árnasyni alþm., Skapta Hallgrímssyni form. samtaka íþróttafréttamanna og Kolbeini Pálssyni formanni KKÍ. Nefndin ákvað að styðja samtök krabbameinssjúkra barna. Leikirnir og söfnunin í kring um þá tókst mjög vel og ljóst að hér verður um árlegan viðburð að ræða.

EVROPUKEPPNI KARLALANDSLIÐA

Ákveðið var að sækja um að halda Evrópukeppni karlalandsliða hér á landi. Mikið var lagt í umsóknina og varð niðurstaðan að Íslandi var falið að halda keppnina. Aðrar þjóðir sem sóttu um voru Kýpur og Írland. Mikið starf hefur verið unnið og hefur það hvílt á landsliðsnefndinni að stórum hluta. Það kemur svo í ljós í lok maí hvernig til hefur tekist.

ÚTGÁFUMÁL

KKÍ gaf út leikreglur í körfuknattleik s.l. haust. Enn fremur kom út auglýsingablað með nokkrum greinum um körfubolta og landsliðið.

TÓNLEIKAR

KKÍ í samvinnu við SKÍ hélt stóra tónleika í Kolaportinu í lok nóvember. Voru fengnar 13 hljómsveitir til að leika á tónleikunum. Allmikill fastakostnaður fylgir slíkum tónleikum, en aðsókn var þökkaleg og varð hagnaður af tónleikunum ásættanlegur.



SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Gísla Georgssyni formanni, Ríkharði Hrafnkelssyni og Ægi Ágústssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Enn eitt árið jókst umfang Íslandsmótsins. Leikjum í mótinu fjölgaði um 23% frá árinu áður. Í fyrra fjölgaði leikjunum um 22% milli ára 21% árið þar á undan. Alls hefur því umfang Íslandsmótsins vaxið um 48% síðastliðin tvö ár 82% frá 1993 og 230% frá árinu 1990. Það var fyrst og fremst í yngri flokkum drengja sem leikjum fjölgaði í vetur, bæði í 1. deild og 2. deild.

Keppni í DHL-deildinni var með sama sniði og árið áður. Aftur gerðist það að liðin í öðrum riðlinum reyndust mun sterkari en liðin í hinum. Fór svo að lokum að fimm lið úr A-riðli komust í úrslitakeppnina en þrjú úr B-riðli. Þá kom Breiðablik mjög á óvart og var tvímælaust „sputniklið“ deildarinnar. Liðið var í sterkari riðlinum, hafnaði þar í sjötta sæti, en var í 9. sæti deildarinnar samanlagt. Úrslitakeppnin var löng og ströng. Deildarmeistarar Njarðvíkinga og efsta lið B-riðlis, Grindavík, komust nokkuð auðveldlega í fjögurra liða úrslit en Haukar, sem urðu í öðru sæti samanlagt og Keflvíkingar þurftu að hafa mikið fyrir því að komast áfram. Í undanúrslitunum gerðist það í fyrsta sinn að tvö efstu lið deildarinnar féllu úr keppni. Liðin úr þriðja og fjórða sæti deildarinnar, Grindavík og Keflavík léku því til úrslita. Grindavík tryggði sér sigur í 4-2 sjötta leik í keppni sem einkenndist af ójöfnum leikjum.

Í 1. deild kvenna endurheimti Keflavík Íslandsmeistaratitilinn eftir úrslitaleiki við KR, þar sem vesturbæjarliðinu tókst að vinna einn leik. Keppni í 1. deild karla var harðari og meira spennandi en ofast áður. Flest liðin tefldu fram bandaríksum leikmönnum og setti það skemmtilegan svip á deildina. Var það mjög til að auka áhuga á leikjunum þó einkum á landsbyggðinni. Eftir harða keppni um sæti í úrslitakeppninni fór svo að Snæfell, KFÍ, ÍS og Þór Þ. komust í úrslit. KFÍ sigraði síðan Þór Þ. 2-1 í úrslitaleikjum sem drógu að sér fjölda áhorfenda. ÍH var vísað úr keppni í deildinni.

Úrslitakeppni 2. deildar kerla fór fram á Laugarvatni. Eftir jafna og spennandi keppni stóðu lið UMF Stafholtstungna uppi sem sigurvegari og tekur liðið því sæti ÍH í deildinni að ári. Fjögur félög tóku þátt í 2. deild kvenna. Sigurvegari varð lið Skallagríms.

Alls sendu 59 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 1995-1996, sem fækkun um 1 félag frá því árið áður. Þessa fækkun má meðal annars skýra með því að félög sem áður sendu 2 lið til keppni léku nú saman undir merkjum síns ungmennasamabands. Þá sendu þessi 59 félög mun fleiri flokka til keppni en árið áður.

Mótanefnd barst fjöldi beiðna um tilfærslu á leikjum. Flestar þessar beiðnir komu fram með of skömmum fyrirvara þannig að svigrúm til breytinga var ekkert. Í öðrum tilvikum voru leikir færðir til ef gildar ástæður voru fyrir beiðninni eins og lög og reglugerðir hveða á um.

ÍSLANDSMÓT 1995-1996

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla - DHL-deild	Ungmennafélag Grindavíkur
Meistaraflokkur kvenna - 1. deild	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
1. deild karla	Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar
2. deild karla	Ungmennafélag Stafholtstungna
2. deild kvenna	Ungmennafélagið Skallagrímur
1. flokkur karla	Ungmennafélag Grindavíkur
Unglingaflokkur karla	Ungmennafélag Njarðvíkur
Unglingaflokkur kvenna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Drengjaflokkur	Ungmennafélag Grindavíkur
Stúlknaflokkur	Íþróttafélag Reykjavíkur
10. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
9. flokkur	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
8. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
8. flokkur kvenna	Ungmennafélagið Tindastóll
7. flokkur	Ungmennafélag Grindavíkur
Minnibolti drengja	Knattspyrnufélagið Haukar
Minnibolti stúlkna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

Drengjaflokkur	Knattspyrnufélagið Haukar
10. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
9. flokkur	Íþróttafélag Reykjavíkur
8. flokkur	Ungmennafélag Grindavíkur
7. flokkur	Ungmennafélag Grindavíkur
Minnibolti drengja	Íþróttafélagið Þór Akureyri

MEISTARFLOKKUR KARLA DHL-DEILD

LOKASTAÐAN Í DHL- DEILD A-RÍÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Njarðvík	32	28	4	2.936 2.535	401	56
2.	Haukar	32	27	5	2.828 2.471	357	54
3.	Keflavík	32	22	10	2.972 2.701	271	44
4.	ÍR	32	14	18	2.607 2.623	-16	28
5.	Tindastóll	32	13	19	2.442 2.544	-102	26
6.	Breiðablik	32	10	22	2.492 2.855	-363	20

LOKASTAÐAN Í DHL- DEILD B-RÍÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Grindavík	32	23	9	2.896 2.548	348	46
2.	KR	32	17	15	2.755 2.708	47	34
3.	Skallagrímur	32	16	16	2.537 2.601	-64	32
4.	Þór Ak.	32	9	23	2.668 2.704	-36	18
5.	ÍA	32	7	25	2.739 3.055	-316	14
6.	Valur	32	6	26	2.505 3.032	-527	12

LOKASTAÐAN Í DHL-DEILD RIÐLAR SAMEINADIR

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Njarðvík	32	28	4	2.936 2.535	401	56
2.	Haukar	32	27	5	2.828 2.471	357	54
3.	Grindavík	32	23	9	2.896 2.548	348	46
4.	Keflavík	32	22	10	2.972 2.701	271	44
5.	KR	32	17	15	2.755 2.708	47	34
6.	Skallagrímur	32	16	16	2.537 2.601	-64	32
7.	ÍR	32	14	18	2.607 2.623	-16	28
8.	Tindastóll	32	13	19	2.442 2.544	-102	26
9.	Breiðablik	32	10	22	2.492 2.855	-363	20
10.	Þór Ak.	32	9	23	2.668 2.704	-36	18
11.	ÍA	32	7	25	2.739 3.055	-316	14
12.	Valur	32	6	26	2.505 3.032	-527	12

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI DHL-DEILDAR

8-LIÐA ÚRSLIT

UMFN - Tindastóll	102-80	Haukar - ÍR	71-69
Tindastóll - UMFN	68-78	ÍR - Haukar (78-78)	85-84
		Haukar - ÍR	73-71

Grindavík - Skallagrímur	78-63	Keflavík - KR	81-79
Skallagrímur - Grindavík	62-76	KR - Keflavík	79-77
		Keflavík - KR	83-77

4-LIÐA ÚRSLIT

UMFN - Keflavík	77-88	Haukar - Grindavík	74-84
Keflavík - UMFN	89-79	Grindavík - Haukar	67-68
UMFN - Keflavík	79-74	Haukar - Grindavík	54-80
Keflavík - UMFN	99-74	Grindavík - Haukar	82-72

ÚRSLIT

Grindavík - Keflavík	66-75
Keflavík - Grindavík	54-86
Grindavík - Keflavík	68-67
Keflavík - Grindavík	70-86
Grindavík - Keflavík	72-82
Keflavík - Grindavík	73-96

TÖLFRÆÐI DHL-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar tölfræðihefti KKÍ 1995-1996)

Stigaskor	Ronal Bayless	Valur	34,1
Best nýting í þriggja stiga skotum	Bjarni Magnússon	ÍA	46,8 %
Besta vítanýting	Ronald Bayless	Valur	92,2 %
Flest fráköst	John Rhodes	ÍR	20,3
Flestar stoðsendingar	Jón Arnar Ingvarsson	Haukar	6,3
Flest varin skot	Milton Bell	ÍA	2,7
Flestir stolnir boltar	Ronald Bayless	Valur	4,2

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Keflavík	18	16	2	1.470 947	523	32
2.	Grindavík	18	14	4	1.281 1.007	274	28
3.	KR	18	14	4	1.237 982	255	28
4.	Breiðablik	18	14	4	1.357 995	362	28
5.	ÍR	18	9	9	1.218 1.174	44	18
6.	Njarðvík	18	9	9	1.108 1.089	19	18
7.	Tindastóll	18	6	12	1.088 1.264	-176	12
8.	Valur	18	5	13	944 1.200	-256	10
9.	ÍS	18	2	16	798 1.295	-497	4
10.	ÍA	18	1	17	808 1.356	-548	2

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT			
KEFLAVÍK-BREIÐABLIK	84-67	GRINDAVÍK-KR	63-77
BREIÐABLIK-KEFLAVÍK	46-53	KR-GRINDAVÍK	55-49

ÚRSLIT	
KEFLAVÍK-KR	70-58
KR-KEFLAVÍK	60-63
KEFLAVÍK-KR	55-56
KR-KEFLAVÍK	37-70

TÖLFRÆÐI 1.DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar tölfræðihefti KKÍ 1995-1996)

Stigaskor	Penny Peppas	UMFG	28,9
Best nýting í þriggja stiga skotum	Björg Hafsteinsdóttir	Keflavík	42,4 %
Besta vítanýting	Betsy Harris	Breiðablik	89,4 %
Flest fráköst	Audrey Codner	UMFT	13,4
Flestar stoðsendingar	Linda Stefánsdóttir	ÍR	5,2
Flest varin skot	Signý Hermannsdóttir	Valur	3,2
Flestir stolnir boltar	Linda Stefánsdóttir	ÍR	6,3

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Snæfell	16	14	2	1.466 1.168	298	28
2.	KFÍ	16	12	4	1.416 1.254	162	24
3.	ÍS	16	11	5	1.226 1.184	42	22
4.	Selfoss	16	7	9	1.346 1.293	53	14
5.	ÞÓR Þorláksh.	16	7	9	1.355 1.344	11	14
6.	Reynir S.	16	6	10	1.295 1.499	-204	12
7.	Höttur	16	6	10	1.233 1.342	-109	12
8.	Leiknir R.	16	6	10	1.246 1.312	-66	12
9.	Stjarnan	16	3	13	1.137 1.324	-187	6
10.	ÍH		0	0	0 0	0	0*

* ÍH var vísað úr keppni vegna ógreiddra heimaleikjagjalda.

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

		4-LIÐA ÚRSLIT	
SNÆFELL-ÞÓR Þ	82-83	KFÍ-ÍS	77-71
ÞÓRÞ-SNÆFELL	87-90	ÍS-KFÍ	69-77
SNÆFELL-ÞÓR Þ	86-87		

	ÚRSLIT
KFÍ-ÞÓR Þ	100-95
ÞÓR Þ-KFÍ	77-67
KFÍ-ÞÓR Þ	78-61

ÚRSLITAKEPPNI UM LAUST SÆTI Í ÚRVALSDEILD

AKRANES-ÞÓR Þ	113-104
ÞÓR-AKRANES	89-105

2. DEILD KARLA

Alls hófu 27 félög þátttöku í 2. deild karla. Eins og fyrra ár var deildinni skipt í tveir haima/heiman deildir og fimm fjölíðamótsriðla.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A1

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	HK	16	10	6	1.315 1.243	72	20
2.	Gk. Grindavíkur	16	10	6	1.168 1.101	67	20
3.	Léttir	16	9	7	1.229 1.192	37	18
4.	Fylkir	16	9	7	1.194 1.166	28	18
5.	Víðir	16	2	14	1.098 1.302	-204	4

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A2

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Skof Ak	7	5	2	506:448	58	10
2.	Leiftur	7	3	4	443:456	-13	6
3.	Dalvík	8	3	5	511:556	-45	6

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA R-RÍÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Árvakur	6	5	1	411 331	80	10
2.	Hrönn	6	4	2	421 333	88	8
3.	Umf. Bessastaða	6	0	6	296 464	-168	0

UMF Miklaholtshrepps hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA V-RÍÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Bresi	12	11	1	923 714	209	22
2.	Stafholtstungur	12	9	3	895 795	100	18
3.	Mostrí	12	7	5	840 743	97	14
4.	Björn H	12	6	6	801 803	-2	12
5.	Reynir	12	4	8	727 880	-153	8
6.	Íslendingur	12	3	9	802 865	-63	6
7.	Grundarfjörður	12	2	10	765 953	-188	4

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA N-RIÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	USVH	12	9	3	838 749	89	18
2.	Smári Varmahlíð	12	8	4	739 648	91	16
3.	Umf. Glói	12	7	5	809 719	90	14
4.	GSS	12	5	7	807 757	50	10
5.	HSS	12	1	11	595 915	-320	2

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA S-RIÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Laugdælir	6	5	1	400:305	95	10
2.	ÍV	6	4	2	432:432	0	8
3.	Hamar	6	0	6	312:407	-95	0

AUSTRLANDSRIÐILL

Austri var eina félagið í þessum riðli og tók sjálfkrafa sæti í úrslitum.

ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auk liðs númer 2 í A1. Sigurvegarinn í A2 (Skotfélag Akureyrar) hætti við þátttöku og kom lið nr. 2 í V-riðli (UMF Stafholtstungna) inn í þeirra stað. Keppnin var haldin á Laugarvatni 29.-31. mars. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Efstu liðin í hvorum riðli léku síðan úrslitaleik deildarinnar, liðin í 2. sæti léku um 3.-4. sætið o.s.f.v.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:

A-riðill: HK, Laugdælir, UMF Stafholtstungna, Árvakur.

B-riðill: Bresi, USVH, Golfklúbbur Grindavíkur, Austri.

Úrslit leikjanna voru eftirfarandi:

A-riðill:		B-riðill:	
HK-Laugdælir	77-82	Bresi-USVH	79-63
Stafholtstungur-Árvakur	72-66	Austri-Gk. Grindavíkur	72-89
Laugdælir-Stafholtstungur	63-68	USVH-Austri	78-71
Árvakur-HK	81-79	Gk. Grindavíkur-Bresi	68-57
HK-Stafholtstungur	97-68	Bresi-Austri	109-63
Laugdælir-Árvakur	99-96	USVH-Gk. Grindavíkur	92-73

ÚRSLIT

1.-2. sæti:	Stafholtstungur-Bresi	103-89
3.-4. sæti	Laugdælir-USVH	89-83
5.-6. sæti	Gk. Grindavíkur-Árvakur	0-2
7.-8. sæti	Austri-HK	66-118

2. DEILD KVENNA

Alls tóku 4 félög þátt í 2. deild kvenna.

LOKASTAÐAN

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Skallagrímur	9	8	1	522:338	184	16
2.	Snæfell	9	6	3	433:365	68	12
3.	KFÍ	9	4	5	386:367	19	8
4.	Víðir	9	0	9	269:540	-271	0

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA

Eftirtaldir voru í landsliðsnefnd karla sem lauk verkefnum sínum í júní 1995:
Erlendur Eysteinnsson, Jón Sigurðsson og Pétur Hrafn Sigurðsson

Landslið karla tók þátt í undankeppni Evrópukeppni landsliða sem fram fór í Sviss. Þrjú efstu sætin tryggðu áframhaldandi keppnisrétt. Ísland lenti í 4. sæti og verður að taka þátt í sérstakri keppni þar sem möguleiki er á að komast áfram. Þetta mót fer fram hér á landi nú í maí.

Torfi Magnússon var landsliðsþjálfari og var Jón Sigurðsson aðstoðarmaður hans.

Evrópukeppnin í Sviss

22. 5. 1995	Ísland - Austurríki	74-58
23. 5. 1995	Ísland - Sviss	78-87
24. 5. 1995	Ísland - Rúmenía	85-102
25. 5. 1995	Ísland - Portúgal	70-88
26. 5. 1995	Ísland - Kýpur	77-62
28. 5. 1995	Ísland - Skotland	111-69

Strax eftir að mótinu lauk þá fór liðið beint til Lúxembourgar þar sem það tók þátt í Olympíuleikum Smáþjóða. Þar gekk liðinu ekki sem skyldi og lenti það í 3. sæti í mótinu.

30. 5. 1995	Ísland - San Marino	90-62
31. 5. 1995	Ísland - Andorra	83-79
2. 6. 1995	Ísland - Luxembourg	86-95
3. 6. 1995	Ísland - San Marino	90-83

Um haustið 1995 var ný landsliðsnefnd skipuð og nýr landsliðsþjálfari ráðinn. Er tækifærið notað hér til að þakka Torfa Magnússyni frábær störf í þágu íslenska landsliðsins og KKÍ og er honum óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Eftirtaldir störfuðu í landsliðsnefnd karla 1995-1996

Bjarni Hákonarson, Gísli Friðjónsson og Hjörtur Hansson. Starfsmaður nefndarinnar var Pétur Hrafn Sigurðsson

Landsliðsþjálfari var ráðinn Jón Kr. Gíslason

Landsliðsnefnd, í samvinnu við stjórn KKÍ réð Jón Kr. Gíslason sem landsliðsþjálfara karla fyrir þetta keppnistímabil. Meginverkefni Jóns og landsliðsins er Evrópukeppni landsliða sem er framundan. Undirbúningur liðsins hófst með þrem leikjum gegn Eistum milli jóla og nýárs, en Eistar komu hingað til lands með bæði karla og kvennalið.

Jón hóf starf sitt með glæsibrag og vann íslenska liðið alla þrjú leikina.

27. 12. 1995	Ísland - Eistland	97-92
28. 12. 1995	Ísland - Eistland	86-74
29. 12. 1995	Ísland - Eistland	86-80

Eftirtaldir leikmenn léku fyrir Íslandshönd á síðasta ári.

Albert Óskarsson	3. leikir
Birgir Örn Birgisson	1. leikur
Falur Harðarson	13. leikir
Guðmundur Bragason	13. leikir
Guðjón Skúlason	13. leikir
Hermann Hauksson	13. leikir
Herbert Arnarson	10. leikir
Hinrik Gunnarsson	13. leikir
Helgi J. Guðfinnson	3. leikir
Hjörtur Harðarson	3. leikir
Jón Arnar Ingvarsson	10. leikir
Jón KR. Gíslason	10. leikir
Marel Guðlaugsson	11. leikir
Páll Kristinsson	2. leikir
Sigfús Gissurarson	13. leikir
Teitur Örlygsson	12. leikir
Valur Ingimundarson	10. leikir

F.h landsliðsnefndar karla

Pétur Hrafn Sigurðsson

SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR

Í nefndinni voru Björn M. Björgvinsson, Björn Leósson, Hörður Gauti Gunnarsson og Stefán Arnarson og auk þess störfuðu nokkrir aðrir með nefndinni og er þeirra getið þar sem við á. Nefndin hélt nokkra fundi á árinu bæði formlega og óformlega. Nefndin vinnur samkvæmt tímaáætlun sem fylgir ársskýrslu KKÍ og nær hún til ársins 2004.

Nefndin sér um drengja- og unglíngalandslið karla. Hún gerir tillögur til stjórnar KKÍ um ráðningu á þjálfara en stjórn KKÍ gengur frá vinnusamningi. Nefndarmenn vinna með viðkomandi þjálfara og skipuleggur verkefnið í samráði við stjórn KKÍ. Nefndarmenn ganga út frá þremur föstum verkefnum þ.e. Norðurlandamót drengjalandsliða (Polar Camp), Norðurlandamót unglíngalandsliða og forkeppni Evrópumóts unglíngalandsliða. Unglínganefnd KKÍ og stjórn KKÍ samþykktu s.l. haust að senda ekki drengjalandslið í forkeppni drengjalandsliða s.l. vor vegna þeirra breytinga sem FIBA gerði á aldursmörkum í Evrópukeppnum unglíngaliða.

Það er von unglínganefndar að félag eða íþróttabandalög fari að senda lið til keppni og æfinga á hin ýmsu mót sem haldin eru undir merkjum svæðamóta, borgarkeppna eða boðsmóta. Á þessu vori eru nokkur félag að senda lið til keppni til Norðurlanda og unnu m.a. tvö félaglið til verðlauna á Scania Cup í apríl s.l. Grindavík í 7. flokki og KR í 8. flokki. Þessir sigrar og þátttaka okkar ungmenna eykur færni þeirra og viðsýni.

Frá síðustu ársskýrslu hefur tími nefndarmanna einkum farið í að undirbúa þrjú stór verkefni þ.e. Ólympíudaga Evrópuæskunnar í Bath í Englandi 8.-14. júlí (drengir fæddir 1978 og síðar), Polar Camp í Húskvarna í Svíþjóð 10.-13. ágúst (drengir fæddir 1979 og síðar), og undirbúningur verðandi unglíngalandsliðs (drengir fæddir 1980 og síðar).

Ólympíudagar Evrópuæskunnar í Bath í Englandi 8.-14. júlí (drengir fæddir 1978 og síðar).

Körfuknattleikssambandi Íslands var boðið að senda unglíngalið til Bath. Liðið hafði skömmu áður tekið þátt í forkeppni unglíngalandsliða í Glasgow og því var þetta verkefni í beinu framhaldi af því verkefni. Til mótsins var boðið mjög sterkum körfuknattleiksþjóðum s.s. Grikklandi, Króatíu, Júgóslavíu, Frakklandi, Eistlandi, Englandi, Frakklandi auk Íslands. Íslenska liðið lék fjóra leiki í keppninni og vann m.a. Frakkland og er það í fyrsta skipti sem landsliði í körfuknattleik tekst að vinna Frakkland.

10.07.95	Ísland - Grikkland	47 - 128
11.07.95	Ísland - Króatía	58 - 84
12.07.95	Ísland - Frakkland	66 - 65
13.07.95	Ísland - Eistland	79 - 86

Liðið hafnaði í 6. sæti af 8 þjóðum. Íslenska liðið var þannig skipað,

Sævar Sigmundsson	Þór, Þorlákshöfn
Finnur Þór Vilhjálmsson	KR
Steinar Kaldal	KR
Baldur Ólafsson	KR
Hlynur Þór Björnsson	Valur
Hjörtur Þór Hjartarson	Valur
Pétur Már Sigurðsson	Valur
Daði Sigurþórsson	Snæfelli
Páll Axel Vilbergsson	UMFG
Daniel Örn Árnason	Haukar
Sigurður Sigurðsson	Þór, Akureyri
Óðinn Ásgeirsson	Þór, Akureyri

Til Bath fóru Björn M. Björgvinsson fararstjóri, Hörður Gauti Gunnarsson þjálfari og Leifur Garðarsson dómari.

Polar Camp í Húskvarna í Svíþjóð 10.-13. ágúst (drengir fæddir 1979 og síðar).
Undirbúningur fyrir þetta verkefni hófst í júní. Til æfinga voru boðaðir 30 drengir. Þeir æfðu um sumarið undir stjórn Benedikts Guðmundssonar.

Til Húskvarna fóru 14 leikmenn þeir voru,

Ingi Freyr Vilhjálmsson	KR
Guðmundur Þór Magnússon	KR
Jónas Haraldsson	KR
Kristinn Þorvaldsson	KR
Árni Helgason	KR
Guðbergur Ólafsson	UMFN
Páll Þórðarson	UMFN
Logi Gunnarsson	UMFN
Örlygur Sturluson	UMFN
Sæmundur Oddsson	KEFLAVÍK
Jón Hafsteinsson	KEFLAVÍK
Davíð Jónsson	KEFLAVÍK
Óli Ásgeir Hermannsson	KEFLAVÍK
Morten Smeidovich	UMFG

Vegna ónógra upplýsinga var ekki vitað fyrr en komið var á keppnisstað hvernig mótahaldi yrði háttað. Mest var lagt upp úr æfingum en minna gert úr keppnisþættinum. Það er von unglínganefndar að framhald verði á þessu verkefni Norðurlandabjódanna en jafnframt að keppnisþátturinn verði aukinn.

Til Svíþjóðar fóru auk Benedikts þjálfara, Björn Leósson fararstjóri.

Æfingabúðir unglínganefndar:

Unglínganefnd KKÍ stóð fyrir þremur æfingabúðum fyrir verðandi unglíngalandsliðsmenn. Í ágúst 1995, janúar 1996 og apríl 1996. Æfingabúðunum stjórnaði Hörður Gauti Gunnarsson og með honum störfuðu þeir Stefán Arnarson, Jón Guðbrandsson og Ingi Steinþórsson. Nefndin leggur til að framvegis verði tímasetning æfingabúða sett inn í handbók KKÍ þannig að allir viti hvenær þær verða.

Þátttaka í Íslandsmóti í unglíngaflokki:

Verðandi leikmenn í unglíngalandsliði tóku þátt í Íslandsmóti unglíngaflokks. Reynsla sem leikmennirnir fá í þessari hörðu keppni reynist þeim gott veganesti þegar í frekari átök kemur. Liðið lék um 20 leiki undir stjórn þjálfara liðsins Harðar Gauta Gunnarssonar.

Verkefni framundan:

Æfingamót í Bærum í Noregi 24.-28. maí (drengir fæddir 1980 og síðar).

Fjölmennur hópur leikmanna fer og mun unglínganefnd KKÍ tefla fram tveimur liðum. Þátttaka í þessu móti er liður í undirbúningi fyrir þau verkefni sem framundan eru.

Hringferð unglínganefndar KKÍ (sjá bréf)

Norðurlandamót unglíngalandsliða (drengur fæddir 1980 og síðar) í Finnlandi í desember n.k..

Forkeppni Evrópumóts unglíngalandsliða (drengir fæddir 1980 og síðar) í apríl 1997

Æfingabúðir unglínganefndar,

28.-31. ágúst 1996

2.-4. janúar 1997

Maí 1997

Ágúst 1997

(bréf sent til forsvarsmanna aðildarfélaga KKÍ)

Reykjavík, 10. apríl 1996
Kæri forsvarsmaður !

Efni: hringferð unglínganefndar KKÍ um landið og leit að framtíðar leikmönnum fyrir Íslands hönd.

Á liðnum árum hefur Körfuknattleikssamband Íslands staðið fyrir ferðum um landið undir ýmsum heitum s.s. "3 á 3" eða "hringferð KKÍ". Í þessum ferðum hefur einkum verið lögð megin áhersla á skemmtana- og keppnisþáttinn. Undirtektir heimamanna hafa verið góðar en eftir á að hyggja þá hefur e.t.v. fræðsla í grunnatriðum körfuknattleiksins gleymst.

Nýlega ákvað stjórn KKÍ að leita til unglínganefndar KKÍ um að nefndin tæki að sér þetta verkefni þ.e. ferð um landið þar sem lögð er áhersla á fræðslu og kennslu í körfuknattleik undir kjörorðinu "Hringferð KKÍ - okkar framtíð". Í framhaldi af þessari ákvörðun þá höfum við sett saman áætlun þar sem tíundaðir eru þeir staðir sem við munum heimsækja í ferðinni. Okkur er það ljóst að einhverjar breytingar verða e.t.v. á skipulaginu en vonandi getur þetta ferli gengið eftir. Einnig erum við tilbúnir til þess að bæta inni þetta skipulag öðrum stöðum ef áhugi er fyrir hendi (vinsamlegast hafið samband við okkur sem fyrst). Á hverjum stað verður farið í undirstöðuatriði körfuknattleiksins með markvissum æfingum undir leiðsögn vörðkennra þjálfara.

Að hringferðinni munu koma þekktir þjálfarar s.s Jón Kr. Gíslason landsliðsþjálfari, Friðrik Ingi Rúnarsson þjálfari Grindvíkinga, Hrannar Hólm þjálfari Njarðvíkinga Stefán Arnarson margreyndur unglíngaliðsþjálfari, Torfi Magnússon þjálfari Vals og fyrverandi landsliðsþjálfari, Jón Arnar Ingvarsson landsliðsmaður og þjálfari í yngriflokkum Hauka, Jón Guðbrandsson yngriflokka þjálfari hjá Keflavík, Benedikt Guðmundsson þjálfari KR og Hörður Gauti Gunnarson unglíngalandsliðsþjálfari. Auk þess munum við leita til þjálfara á heimastöðunum. Aðrir þjálfarar eru einnig boðnir velkomnir til þátttöku.

Umsjón með hringferðinni hafa Björn M. Björgvinsson hs. 568 72 04 og vs. 588 75 00 og Hörður Gauti Gunnarsson hs. 562 87 26.

Við munum skrá alla þátttakendur niður á sérútbúin eyðublöð með upplýsingum um nafn, félag, hæð, þyngd, fæðingarár, ofl.. Þessar upplýsingar verða settar í spjaldskrá unglínganefndar KKÍ. Í framtíðinni verður til nákvæm skrá um alla þá einstaklinga sem tekið hafa þátt í þessum æfingabúðum. Í lok sumars þegar allir staðir hafa verið heimsóttir verða haldnar stórar æfingabúðir í Reykjavík. Þangað verður boðið stórum hópi þátttakenda frá þeim stöðum sem við höfum heimsótt fyrir um sumarið.

Inn í þessa ferð verður einnig sett átak sem hófst fyrir tveimur árum en það er "big man-camp". Þar munum við einkum gefa gaum stórum og stæðilegum leikmönnum.

Til leiks er boðið bæði piltum og stúlkum á aldrinum 12 - 16 ára en að sjálfsögðu eru allir velkomnir. Þátttökugjald verður kr. 1.500.- og er innifalinn í því gjaldi u.þ.b. 10 klst. kennsla í körfuknattleik og bolur merktur þessu átaki unglínganefndar.

Það er von stjórnar KKÍ og unglínganefndar KKÍ að þetta átak falli vel að sumarstarfi deildanna. Við munum í framhaldi af þessu bréfi leita til ykkar um frekari skipulagningu á þessu verkefni og einnig þeim atriðum sem huga þarf að s.s. aðstöðu í íþróttahúsi, gistingu fyrir þátttakendur ofl..

Við biðjum þig um að kynna þetta verkefni fyrir öllum þjálfurum þíns félags einkum þó þeirra sem þjálfar 7. - 8. - 9. og 10. flokk drengja og 8. fl. kvenna og stúlknaflökk.

Ferðaáætlun sem unglínganefnd hefur sett upp (gæti breyst).

föstudagur 31. maí laugardagur 1. júní sunnudagur 2. júní	Grafarvogur	Grafarvogur Mosfellsbær Árbær
föstudagur 31. maí laugardagur 1. júní sunnudagur 2. júní	Seljaskóli	Breiðholt
föstudagur 31. maí laugardagur 1. júní sunnudagur 2. júní	Hagaskóli	Vesturbær
föstudagur 31. maí laugardagur 1. júní sunnudagur 2. júní	Valsheimili	Austurbær
mánudagur 3. júní þriðjudagur 4. júní miðvikudagur 5. júní	Hafnarfjörður	Hafnarfjörður Álftanes Garðabær
mánudagur 3. júní þriðjudagur 4. júní miðvikudagur 5. júní	Kópavogur	Kópavogur Garðabær
föstudagur 7. júní laugardagur 8. júní sunnudagur 9. júní	Akureyri	Akureyri Dalvík Ólafsfjörður
mánudagur 10. júní þriðjudagur 11. júní miðvikudagur 12. júní	Sauðárkrúkur	Skagafjörður
mánudagur 10. júní þriðjudagur 11. júní miðvikudagur 12. júní	Keflavík	Keflavík Njarðvík Grindavík Sandgerði
föstudagur 14. júní laugardagur 15. júní sunnudagur 16. júní	Húsavík	Þingeyjarsýslur
föstudagur 14. júní laugardagur 15. júní sunnudagur 16. júní	Borgarnes	Borgarfjörður Akranes
föstudagur 21. júní laugardagur 22. júní sunnudagur 23. júní	Þorlákshöfn	Þorlákshöfn Selfoss Hveragerði
föstudagur 9. ágúst laugardagur 10. ágúst sunnudagur 11. ágúst	Ísafjörður	Ísafjörður Aðrir staðir á Vestfjörðum
mánudagur 12. ágúst þriðjudagur 13. ágúst miðvikudagur 14. ágúst	Stykkishólmur	Stykkishólmur Grundarfjörður Ólafsvík Dalir
föstudagur 16. ágúst laugardagur 17. ágúst sunnudagur 18. ágúst	Egilsstaðir	Egilsstaðir. Aðrir staðir á Austfjörðum
mánudagur 19. ágúst þriðjudagur 20. ágúst miðvikudagur 21. ágúst	Höfn	Skaftafellssýslur
miðvikudagur 28. ágúst fimmtudagur 29. ágúst föstudagur 30. ágúst laugardagur 31. ágúst	Reykjavík	Þátttakendur valdir frá þeim stöðum sem við höfum heimsókt fyrir um sumarið.

Með von um góðar undirtektir,
Björn M. Björgvinsson unglínganefnd KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson
framkvæmdastjóri KKÍ

Mikil umræða hefur verið um framkvæmd fjölliðamóta KKÍ. Í umræðuhóp á síðasta ársþingi KKÍ á Flúðum var mikið rætt um á hvern máta hægt væri að bæta framkvæmd á mótahaldi í yngriflokkum þannig að allir geti verið stoltir af. Eftirfarandi leiðbeinandi reglur voru kynntar fundarmönnum en þess var jafnframt getið að reglur einar og sér bæta ekki mótahald ef hugur fylgir ekki máli.

Fjölliðamót.

Körfuknattleikssambands Íslands Vinnuþáttur fyrir þá aðila sem hafa umsjón með fjölliðamótum.

1. **Að hausti þegar leikjaskipulag í yngri flokkum er fullmótað;**
 - 1.1. Hvað fær mitt félag mörg fjölliðamót
 - 1.2. Hvenær fara mótin fram.
2. **Þegar nær dregur fjölliðamóti;**
 - 2.1. Er íþróttahúsið laust.
 - 2.2. Hvenær dags verða leikirnir.
 - 2.3. Mótshaldari geri tímaáætlun fyrir allt mótið.
 - 2.4. **Hvaða lið koma;**
 - 2.4.1. Hvernig koma þau (með rútu, einkabílum, flugi, annað)
 - 2.4.2. Hvernig er færðin (í lofi, láði eða legi)
 - 2.4.3. Upplýsingasími mótshaldara
 - 2.5. **Þarf að útvega;**
 - 2.5.1. gistingu
 - 2.5.2. fæði (þar sem keppendur geta keypt mat)
 - 2.5.3. Annað
 - 2.6. **Eru allir starfsmenn með sitt skipulag á hreinu;**
 - 2.6.1. Dómarar
 - 2.6.2. Ritarar
 - 2.6.3. Tímaverðir
 - 2.7. **Umgjörð leiksins;**
 - 2.7.1. Lausir boltar
 - 2.7.2. Hlaup annarrara en þeirra sem eru að leika
 - 2.7.3. Annað
 - 2.8. **Aðbúnaður á milli leikja og á gististað;**
 - 2.8.1. Sjónvarp
 - 2.8.2. Myndbandstæki
 - 2.8.3. Myndbandsspóla
 - 2.8.4. Nestissala
3. **Umgenngisreglur sem mótshaldari setur.**
4. **Nefnd til að leysa úr ágreiningi á keppnisstað;**
 - 4.1 Hver er forsvarsmaður mótshaldara
5. **Opna íþróttahús tímanlega a.m.k. 45 mín. fyrir fyrsta leik;**
 - 5.1. Skipuleggja búningsklefa - hverjir eru saman
6. **Eftir fjölliðamót;**
